

Minnisblað vegna sérkennslubarna í leikskólum 2018

Frá árinu 2015 hafa verið heimiluð 21.32 stöðugildi vegna sérkennslubarna í leikskólunum. Stöðugildi vegna sérkennslubarna eru miðlæg og er þeim skipt á milli leikskólanna eftir því hvar þörfin er mest hverju sinni.

Spár um sérkennsluþörf fyrir árið 2018 gengu ekki eftir og var því óskað eftir aukningu um 2.5 stöðugildi á ársgrunni fyrri hluta ársins.

Í ágúst mánuði 2018, þegar innritun barna lauk, kom í ljóst að aftur er þörf á viðbótum vegna sérkennslu í leikskólunum. Ástæður þess eru að nú hafa verið innrituð lítil börn með fjölpættan vanda, bæði líkamlegan og andlega. Þetta eru mál sem ekki voru þekkt þegar óskað var eftir aukningu á sérkennslu í vor. Vegna þessara ástæðna er óskað eftir auka fjármagni vegna sérkennslumála í leikskóla að upphæð 10.500.000 kr eða aukningu um 4 stöðugildi til áramóta.

Einnig er óskað eftir viðbótarframlagi til að auka sérkennslustjórstöðu í leikskólanum Iðavelli úr 50% í 100% til að bregðast við þörfum þeirra barna sem hafa íslensku sem annað tungumál. Undanfarin 5 ár hafa að meðaltali verið yfir 80 börn af erlendum uppruna í leikskólum á Akureyri. Þar af hafa yfir 20% þeirra stundað nám í leikskólanum Iðavelli. Nú í vetur eru 23% nemenda á Iðavelli af erlendum uppruna.

Undanfarin 2 ár hefur leikskólinn ásamt MSHA unnið að verkefninu „Það er leikur að læra íslensku. Að koma til móts við nemendur af erlendum uppruna“. Verkefnið var styrkt af Sprotasjóði og nam styrkurinn upphæð sem samsvaraði 25% stöðu til tveggja ára. Akureyrarbær hefur einnig greitt sem svarar 25% stöðu í sérkennslu vegna þessara nemenda. Nú er verkefninu lokið og því einungis 25% stöðuhlutfall eftir til að sinna þessum nemendum. Kostnaður við að auka sérkennslustjórstöðu úr 50% í 100% fram til áramóta nemur 1.300.000 kr.

Til framtíðar.

Eftir því sem barnahópurinn í leikskólunum yngist má gera ráð fyrir að þeim fjölgi sem greinast með þroskavanda fyrst eftir að leikskólagana hefst.

Af þeim sökum og einnig til að bregðast við nemendum sem hafa íslensku sem annað mál, er brýn þörf á að auka við störf sérkennslustjóra í öllum leikskólum Akureyrar. Í dag eru stærstu leikskólarnir með 65% stöðu sérkennslustjóra en sá minnsti með 25% stöðu.

4. sept 2018

Elva Haraldsdóttir, sérkennsluráðgjafi
Sesselja Sigurðardóttir, leikskólaráðgjafi